

Fundargerð 452

Þriðjudaginn 22. ágúst 2017 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn Illugi Gunnarsson stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Ingunn Guðmundsdóttir, Karl Björnsson, Rakel Óskarsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hinrik Gunnarsson endurskoðandi (við dagskrárliði 1-2), Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 8-11), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigríður Guðrún Hauksdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Árshlutareikningur janúar-júní 2017
3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017
4. Þóknun endurskoðunarnefndar
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Staða lánasafns Byggðastofnunar 30.06.2017
7. Brothættar byggðir – staða og ný verkefni
8. Staða sauðfjárbænda
9. Nýbygging Byggðastofnunar
10. Valgerðarstaðir á Fljótsdalshéraði
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 451 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Árshlutareikningur janúar-júní 2017

HG fór í gegnum árshlutareikning vegna tímabilsins janúar-júní 2017. Tap var á tímabilinu upp á 20,1 m.kr. sem skýrist aðallega af gengistapi og hærri framlögum á afskriftarreikningi. Eignir námu 13.352 m.kr. í lok tímabilsins, skuldir voru 10.464 m.kr. og eigið fé 2.888 m.kr. Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 23,06%

Formaður bar upp árshlutareikning janúar-júní 2017 og var hann samþykktur samhljóða og dreift til undirritunar.

HG vék af fundi.

3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AP og SBS fóru yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun. Spurt var um stöðu byggðaáætlunar og samstarfsnefndar stjórnarráðsins og var ákveðið að á næsta stjórnarfundum yrði kynning á Byggðaáætlun fyrir stjórn.

AÐ greindi frá því að Byggðastofnun í samstarfi við Háskólann á Bifröst og samstarfsaðila á Írlandi, Ítalíu, Grikklandi og Búlgaríu hafa hlotið styrk í ERASMUS+ áætlun Evrópusambandsins vegna verkefnis undir heitinu **Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe**, skammstafað **INTERFACE**. Verkefnið tengist Brothættum byggðum og lýtur að því að sérsníða menntun að þörfum frumkvöðla og annarra þeirra sem vinna að byggðapróun og framförum í brothættum byggðarlögum í löndunum. Byggðastofnun leiðir verkefnið

Undirbúningur að ráðstefnu um raforkuflutning stendur yfir en stefnt er að því að halda hana seinni partinn í október á Akureyri. Dagskrá ráðstefnunnar er í mótun.

SBS sagði frá skýrslu um hagtölur landshluta 2008-2015 sem kom út í ágúst og skýrslu um byggðaleg áhrif fiskeldis sem send var til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Málþing um stöðu innlandsflugs er fyrirhugað og var því velt upp hvort það skaraðist á við vinnu nefndar um framtíð innanlandsflugs en talið að frekar verði um samlegðaráhrif að ræða.

AÐ fór yfir rekstur stofnunarinnar til 31. júlí og kynnti minnisblöð um lausafjár- og gengisáhættu stofnunarinnar. Þá upplýsti hann um viðræður sínar við bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar varðandi Strandarveg 29-33 á Seyðisfirði.

4. Þóknun endurskoðunarnefndar

EEE vék af fundi þar sem hann situr í endurskoðunarnefnd.

Með bréfi dagsettu 15. mars 2016 fór endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar þess á leit að þóknun hennar yrði tekin til endurskoðunar. Laun fyrir setu í endurskoðunarnefnd eru tengd einingarverði Þóknananeftndar og fær formaður greiddar 192 einingar á ári en aðrir nefndarmenn 165 einingar.

AÐ lagði til að þóknun fyrir setu í endurskoðunarnefnd yrði þannig að formaður nefndarinnar fengi 230 einingar á ári en aðrir nefndarmenn 198 einingar á ári. Myndi hækkunin gilda frá 1. janúar 2017.

Formaður bar upp tillögu AÐ og var hún samþykkt samhljóða.

EEE kom aftur á fund.

5. Fundargerðir lánaneftndar.

Fundargerðir lánaneftndar nr. 19/17, 20/17, 21/17, 22/17, 23/17, 24/17, 25/17, 26/17 og 27/17 lagðar fram.

...

...

...

...

...

Fundi frestað kl. 12:08 og framhaldið kl. 12:37

...

...

6. Staða lánasafns Byggðastofnunar 30.06.2017

AME fór yfir minnisblað um stöðu útlána eftir atvinnugreinum og landshlutum. Þá fór hann yfir 25 stærstu viðskiptavini, hæstu vanskil og hæstu framlög í varasjóði.

7. Brothættar byggðir

AP fór yfir minnisblað um stöðu verkefnisins Brothættar byggðir. Unnið er nú í 6 byggðarlögum og hefur verkefnið fengið aukið fjármagn á fjárlögum til að taka inn ný byggðarlög. Með tilliti til útreikninga á mælikvörðum um stöðu byggðarlaga er lagt til við stjórn að samið verði við Árneshrepp, Borgarfjörð eystri og Þingeyri. Nánari útlistun á útreikningum má finna í ofangreindu minnisblaði.

Umræður urðu um mikilvægi samhæfingar við stefnu og aðgerðir ríkisvaldsins og mikilvægi forgangsröðunar í þágu brothættra byggða eftir því sem við verður komið. Formaður mun ræða það við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Efla þarf samhæfingarkraft stýrihóps stjórnarráðsins á sviði byggðamála.

Formaður bar upp tillögu AP og var hún samþykkt samhljóða.

8. Staða sauðfjárbænda

AP sagði frá bréfi sem barst stofnuninni frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í lok júlí þar sem ráðherra fól Byggðastofnun að vinna greiningu á stöðu kinda- og lambakjötsframleiðslunnar á Íslandi. Áherslu skal leggja á stöðu þeirra svæða þar sem kinda- og lambakjötsframleiðsla er hvað mikilvægust í byggða- og atvinnulegu tilliti. Þá óskar ráðherra eftir því að Byggðastofnun setji fram hugleiðingar eða ábendingar um það hvernig stofnunin geti komið að því að leysa úr þessum vanda með þeim úrræðum sem henni eru fengin í lögum, sérstaklega á þeim svæðum þar sem byggðir eru viðkvæmastar að þessu leyti. Horft verði m.a. til þeirra tillagna sem Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda hafa lagt fram.

Drög að greiningu eru langt komin og verða send stjórn í lok vikunnar og skilað til ráðherra fyrir mánaðarmót.

9. Húsnæði Byggðastofnunar

HÁ kom á fundinn

Teikningar af nýju skrifstofuhúsnæði lágu fyrir fundinum. AÐ upplýsti hvernig vinnunni hefði verið háttað og stefnt væri að því að útboð verði auglýst í byrjun nóvember.

10. Valgerðarstaðir á Fljótsdalshéraði

AÐ upplýsti að tvö félög óski nú eftir því að taka húsnæði Byggðastofnunar að Valgerðarstöðum á leigu eða kaupa.

Formaður leggur til við stjórn að starfsmönnum verði falið að ræða við forsvarsmenn beggja félaga með það fyrir augum að báðir geti haft aðstöðu á staðnum sé þess kostur.

11. Önnur mál

Byggðaleg áhrif fiskeldis

SBS kynnti og dreifði skýrslu sem unnin var af þróunarsviði fyrir ráðherra um byggðaleg áhrif fiskeldis.

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 22. september á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____